



Gert 9 júní 2015

Mjólkurbú- Útgerð- Fífill GK 54.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki eign hans
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram



Mynd. Alþýðublaðið 9 mars
1977 Sigurður VE aflahæstur
báta á loðnuvertíðinni þetta
ár.

Reikna má með að
útgerðarsaga
Íslendinga hafi hafist
strax við landnámið
og þegar menn svona
voru búnir að koma
sér fyrir og átta sig á
aðstæðum í nýju
landi. Fólk var
hingað komið yfir

hafið og var að sjálfsögðu með skipakost sem líka mátti nota til að afla sér bjargræðis af á hafinu úr því að skip voru til staðar. Hvert sem litið var þá blasti hafið við þessu fólki sem og gaf sinn möguleika á framfærslu. Þetta er viðblasandi.

Hvenær alvöru útgerð hefst hins vegar í landinu er ekki gott að segja. Kannski ekki fyrr heldur en á nítjándu öld og í byrjun þeirrar tuttugustu og að öll útgerð fram að þeim tíma hafi verið svona eftir dúk og disk og þegar hentaði og tími vannst til að sinna frá til að mynda bústörfum. Flestir, margri alltént, sem réru til fiskjar voru líka bændur og kannski meira bændur heldur en nokkurn tímann sjómenn. Líklegt er að öll svona hugsun á einhverjum alvarlegum nótum hafi kviknað með Íslendingum eftir að Bretarnir byrja að veiða hér upp í "kálgorðum" með þessum tröllvöxnu stálskipum sínum sem við vitum að heita togarar. Þá sjá menn að minnsta kosti með eigin augum að fiskur er talsverður upp í harða landi og mun meira af honum á svæðinu, til að mynda Faxaflóa, en líklegt er að menn árabátanna hafi ekki áttað sig á þessu af vanþekkingunni einni saman. Trúlegt er að Bresku togararnir sem hér voru fyrir og eftir altamótin 1900 hafi kveikt landanum hugsanir um að talsvert meira væri hægt að sækja af fiski með breyttum skipakosti og annarskonar veiðiaðferðum en hingað til hafði þekkt.

Allavega og í kjölfar veiða Breskra koma fram nokkrir frumkvöðlar sem hugsuðu stórt og reistu miklar fiskverkunarstöðvar og hófu að framleiða saltfisk með útflutning í huga og verka að kröfum kaupenda í útlöndum. Ekki er ósennilegt að þetta, það er togveiðar Bretanna, hafi

Í grunninn rutt þeirri hugsun braut á Íslandi að landinn gæti kvatt sér rúms sem matvælaframleiðandi fyrir hinn stóra heim og selt varning sinn og framleiðslu á verðum sem ásættanleg teldust útgerð og að fiskverkun fengi greitt mannsæmandi laun en samt skilað eigenda sínum hagnaði. Höfundur hugsar vitaskuld bara upphátt. En þetta voru mennirnir sem í krafti sinnar útgerðar og fiskverkunnar hugmynda og vinnu veittu fjölda manna og kvenna atvinnu sem fyrir vikið gat séð sér sjálfu og sínum farborða með vinnu eigin handa og greitt tíund til hvort sem er bæjarfélagsins og ríkinu sitt sem fyrir vikið fékk eilítið meira svigrúm til að framkvæma eitt og annað sem að því snéri. Hver króna telur. Ekki satt?



Reykjavíkurbær. " Árið 1929 knúðu stærstu útgerðarfélagin, Alliance og Kveldúlfur, fram samninga við þáverandi ríkisstjórn um ívilnanir af hennar hálfu varðandi lækkun tekjuskatts af hagnaði fyrirtækjanna þannig að þeir gætu mætt verkfallskröfum sjómanna. "

Líklegt er að heiðursmaðurinn Thor Jensen sé þekktastur frumkvöðla í þessu landi. Á hans vegum var rekin mikil togaraútgerð sem Kveldúlfur hét og stofnað 22 mars 1912 og íslensk togaraútgerð búin að klæða sig í barnaskóna sína en þeir auðvitað ennþá algerlega óslitnir. Af vitaskuld reynsluleysi hér heima fyrir. Vinnuálagið á þessum skipum til að byrja með er ein birtingarmyndin. Reynsla krefst síns tíma og úthalds.

Þegar mest var gerðu Thorsararnir, en það voru þeir oft kallaðir manna á meðal, út 7 togara og var Kveldúlfur stærsta útgerðarfélag á Íslandi fram að seinni heimstyrjöld og talið að skipverjar á skipum Kveldúlfs hafi verið frá 250 til 350 manns þegar best lét. Ekki fámennt lið það.

Bræðurnir Richard og Ólafur (Thors 3) báru mesta ábyrgð á rekstri Kveldúlfs á þessum tíma, Richard stjórnaði fjármálum og erlendum samskiptum en Ólafur var andlit fyrirtækisins og málsvari. Ólafur varð formaður félags botnvörpueigenda 1918 og var kosinn á þing 1925 og síðar forsætisráðherra og sá fyrsti til að gegna þeirri stöðu eftir lýðveldisdaginn 17 júní 1944. Eftir að seinna stríði lauk dró verulega úr kraftinum hjá Kveldúlfi og fór svo að lokum að þar var aðeins einn togari eftir í rekstri. Kveldúlfur hf var formlega afskráð félag árið 1977. Öll manna verk eiga sín ris og sína hnignun og rísa sum verk fólks afskaplega hátt í sínum samtíma og verða umfangsmikil að menn sjá ekki fram á annað en að þau séu komin til að vera. Samt gerist það að flest af þessu fer inn í sögubækurnar sem þeir einir finna er tímar líða sem grúska þar. Allt er þetta sem gert er þó partur af sögu íslenskrar þjóðar sem gott er og gagnlegt að vita sín deili á. Þó ekki sé nema til að komast að raun um þessi afskaplega ris og svo hnignun sem kemur og er saga út af fyrir sig. Skoðið bara sjálf söguna og þið sjáið að hún er full af álíka umfjöllun.

Myndin til hægri er af athafnamanninum Thor Jensen



Svona er gangurinn í þessu að allt sem gert er nær sínum hæstu hæðum og svo hnignun uns allt líf hverfur úr og vindurinn einn og regn fer um svæðið sem áður iðuðu af lífi enn, eins hendi væri veifað, umbreyttust í auðn og minningu sem einnig hverfur af því einu að hafa aldrei náð inn í þessar merkilegu sögubækur. Aðeins hluti þess sem gerist endar þar.



Búið á Korpúlfsstöðum enn í byggingu. En þar var rekið stærsta kúabú sem til hefur verið á Íslandi og gert í nokkra áratugi. Merkilegt framtak.

Athanamaðurinn sem fram kom hér ofar er þar af þeirri ástæðu hversu margir muni þetta nafn. Líklegt er að Thor Jensen sé hvað kunnugastur fyrir að hafa reist risavaxið

kúabú að Korpúlfsstöðum sem hann keypti 1922 af Einari Benidiktssyni skáldi og var þar með yfir 160 mjólkandi kýr eftir að rekstur búans komst á fullt skrið. Eins og að líkum lætur krefjast svo margar mjólkandi kýr margra vinnandi handa til að sækja mjólkina sem júgur skepnanna geymdu kvölds og morgna árið um kring og eftir að starfsemin að Korpúlfsstöðum hófst 1930 og unnt væri að ná hámarksframleiðslu á búinu. Framkvæmdir við Korpúlfsstaði miðuðust við að klárast fyrir 1000 ára afmæli hæstvirts Alþingis sem halda átti upp á sama ár. Sem sagt 1930. Bygging hússins hófst 1925 og stakk verulega í Stúf við allar álíka byggingar sem fram að þessu höfðu verið byggðar í sveitum landsins og hlýtur stærðar sinnar vegna að hafa vakið mörgum umtal

Korpúlfsstaðabúið var afskaplega tæknivætt á þeim tíma mælikvarða og hafði búnað til að vinna alla mjólk sem það framleiddi og koma til kaupenda í Reykjavík. Voru notaðir undir mjólkurflutninganna í bæinn tveir merktir mjólkurbílar sem á stóð " Korpúlfsstaðamjólk. " Mjólkinn var öll töppuð á glerflöskur á búinu sjálfu og þannig afhent fólki. Gott ef á Korpúlfsstöðum var ekki líka framleitt smjör og rjómi, og jafnvel ostar. Á þetta allt saman var klippt eftir að mjólkursamlögin komu til sögunar 1934 sem gerðist aðeins fjórum árum eftir að bú þetta komst í fullan rekstur. Árið 1934 voru 16 fjósamenn á Korpúlfsstaðbúinu.

Svo virðist vera að í þessu landi henti ekki jafn stórar einingar til búreksturs í þessu landi eins og Korpúlfsstaða búið var heldur smærri einingar og fjölskyldubú. Allavega eru þau það sem eftir stendur að séð verður og allt kemur til alls.

Mynd til hægri. " Fyrsta mjólkurbúið var stofnað árið 1927 og fleiri árið eftir, en þar á meðal voru Mjólkursamlag KEA og Mjólkurbú Flóamanna. "

Segja má, er reyndar viðurkennt í dag, að stofnun mjólkursamlaganna hafi kippt fótunum undan rekstri kúabúsins að Korpúlfsstöðum og að það í raun hafi ekki borið sitt barr eftir stofnun þeirra þó lengi enn sé það starfrækt og síðustu árin undir stjórn Reykjavíkurborgar sem keypti jörðina af Thor Jensen. En á meðan mjólkurvinnslan var þar enn og Thor þessi enn með stjórnartaumanna hjá sér voru daglega ferðir farnar frá búinu til viðskiptavina í Reykjavík. Þetta var fyrir tíma gerilsneyðingu mjólkur og geymsluþol hennar vart meira en tveir til fjórir dagar miðað við aðstæður fólks til kælingar mjólkur heima fyrir.



Mjólkursamlögin innleiddu gerilsneyðingu mjólkur og báru fyrir sig hreinlæti, sem sjálfsagt hefur verið upp og ofan í fjósum bænda á þessum tíma en fjósið á Korpúlfsstöðum var þeirra nýjast með allskonar aðstöðu til hreinlætis sem óþekkt var í fjósum íslenskum. En lög landsins studdu mjólkursamlögin og einvörðungu gerilsneydd mjólk heimiluð til sölu. Með þessum hætti komst á einokun sem enn er viðloðandi mjólkuriðnaðinn í landinu. Í svona framkvæmdinni. Hvað skoðun sem menn hafa á því fyrirkomulagi.

Höfundur er með þessari umfjöllun kominn langt út fyrir efnið sem af stað var farið með og biður lesendur velvirðingar á því. Það er svo gaman að fást við söguna að hún hefur tilhneigingu til að grípa mann í heilu lagi.

Nóg um það.

Útgerð og sjósókn.



Mynd til vinstri. Einar Þorgilsson útgerðarmaður í Hafnarfirði. Hann fæddist í Ásmúla í Holtum 25 ágúst 1865. Andaðist 15 júlí 1934. Árið 1990 var fyrirtæki hans " Einar Þorgilsson & co "- enn starfrækt og þá orðið elsta útgerðarfyrirtæki í landinu.

Í Hafnarfirði var engin svona risabúskapur í gangi eins og á Korpúlfsstöðum heldur nokkrar veglegar útgerðir sem kvað að og bærinn státaði af á þessum tíma. Á þessum árum var Hafnarfjörður þekktur útgerðarbær og hófst þar togaraútgerð með togaranum Coot sem kom upp úr aldamótuninum 1900 og gerður þaðan út um tíma og keyptur notaður af Enskum. Coot var lítið skip um 130 tonn að stærð og ætlaður til togveiða innanfjarðar og hentaði, skilst höfundi, frekar illa á úthafinu við Ísland. Coot var smíðaður í Glasgow 1892 og kom til Hafnarfjarðar

6 mars árið 1905. Eigandi Coot var hlutafélagið Fiskveiðihlutafélag Faxaflóa og eigendur að

hluta til úr Hafnarfirði og að hluta til úr Reykjavík. Ekki er ólíklegt að menn hafi litið á þessi kaup og rekstur skipsins í framhaldinu sem tilraunarverkefni. Einn eigandi og fyrsti skipstjóri Coot var Indriði Gottsveinsson.

14 desember 1908 var Coot með skip í togi frá Reykjavík er svo illa vildi til að taugin á milli þeirra slitnaði og flæktist tóíð í skrúfu Coot sem við það missti afl og rak upp í Keilisnes ásamt skipinu sem var í togi. Engan mann sakaði við óhappið en skipunum varð ekki bjargað. Hvort enn sé hægt að sjá leifar þessara skipa á þessu nesi þekkir höfundur ekki, þó svo geti vel verið. Veit alltént að flök skipa hverfa ekki svo auðveldlega úr umhverfinu. Útgerðarsaga fyrsta íslenska togarans varð sem sjá má skammvinn. En þarna samt hófst útgerð og rekstur íslensks togara sem enn er við líði hér og verður um ókomna framtíð.

Það hefur verið í kringum 1883 sem Einar Þorgilsson útgerðarmaður og fiskverkandi í Hafnarfirði stofnaði þilskipaútgerð í bæn þeim í eigin nafni. Einar gerði út bæði togara og þilskip frá árinu 1886 og fram eftir tuttugustu öldinni. Hér áður var talað um að togarinn Coot hafi komið 1905 og sé fyrsti togari Íslendinga, sem er rétt. En þess ber að geta að áður en Coot kom voru togarar gerðir út frá í Hafnarfirði en í eigu Englendinga með aðstöðu í bænum.

Fyrirtæki Einars Þorgilssonar og co hafði á sínum tíma umfangsmikla saltfiskverkun og verslun. Verslun þessi var lengst af óbreytt og kom maður inn í hana eins og hún hafði verið frá byrjun. Brakandi gólf barst til eyrna manns er gengið var þar um gólf og lyktin inni líklega eins og alltaf hefur verið í þessu gamla húsi sem margir hafnfíðringar, kannski allir, komu við í til að versla. Allt svolítið vinalegt í þessari verslun sem kölluð var Einarsbúð, kannski hét hún það líka, og skoða þar og máski kaupa allskonar fatnaði sem hentaði sjómenskunni sem maður stundaði þá á áttundi áratugur seinustu aldar. Verslunin var óbreytt á meðan hún enn var í eigu félags Einars Þorgilssonar & co en var með nýjum eigendum breytt og færð til nútímahorfs.

Húsið sem hýsti verslun Einars Þorgilssonar á Strandgötunni í Hafnarfirði var byggt 1907 en eigendaskipti urðu á húsinu sumarið 1995. Hús þetta stendur enn í Firðinum og er rekstur þar í dag sem heitir "Vort daglegt brauð" sem selur kaffibrauð og er líka bakarí, heldur höfundur alltént. Hvort eigendur hússins séu enn þeir sömu og keyptu það 1995 þekkir höfundur ekki.



Nýsköpunartogarin Surprise GK 4 var eign Einars Þorgilssonar & co.

Útgerðarfélag Einars Þorgilssonar rak 3 báta og hétu þeir Fákur GK 24, Faxi GK 44 og Fífill GK 54. Fiskverkun Einars Þorgilssonar og co var hætt árið 1984 og í árslok sama ár var annað af skipum félagsins selt útgerðarfélaginu Barða í Kópavogi og er þá tréskipið Fákur ekki lengur eign félagsins

og komin með nafnið Steinunn. Fákur GK 24 var smíðaður í Fredrikssund í Danmörku árið 1956 og var skipið úrelt árið 1979 og hét þá Steinunn með einkennisstafina RE 32. Brúin af Steinunni fór yfir á Víðir 2, samkvæmt heimildum höfundar.

Mynd til vinstri. Faxi GK 44 var á þessum tíma gerður út frá Hafnarfriði. Þar var skipið lengi vel og muna margir hafnfirðingar eftir Faxa, þessu fallega skipi.

Í árslok 1984 var Faxi GK 44 seldur til útgerðarfélagssins Barða í Kópavogi. Faxi var smíðaður í Noregi árið 1963 og var 212 tonn að stærð. Skipið var lengt og yfirbyggður 1977. Það gekk kaupum og sölum eftir að það fór frá Einari Þorgilssyni & co eins og gengur í þessu. Margur hafnfirðingurinn man eftir Faxa GK 44.



Árið 1984 voru gerðir út af félaginu tveir bátar. Áður nefndur Faxi GK 44 sem hvarf í árslok 1984 og Fífill GK 54 sem var þá orðin einn eftir af bátum í eigu Einars Þorgilssonar & co. Allt hefur auðsjáanlega sinn eign tíma.

Fífill GK 54.



Fífill GK 54 kom nýr til landsins 4 júlí 1967.

Fífill GK 54 er fallett skip og byggður í Noregi hjá skipasmíðastöðinni Kaarbös Mekaniske Verksted í Harstad. Skipið er 370 lestir að stærð, 41, 29 metrar að lengd og 7,80 metrar á breidd og 3, 90 metrar á dýpt og er að öllu leiti úr stáli

og áli og smíðað sem alhliða fiskiskip. Aðaláhersla er lögð á að skipið veiði síld og stundi nótaveiðar, þó líklegt sé að menn hafi verið opnir fyrir ýmsum öðrum möguleikum hentugum rekstrinum.

Allar teikningar voru unnar af Kaarbös Melc. Verkstad A/S og er það árangur af endurbættum teikningum á skipum sem áður hafa verið smíðuð fyrir Íslendinga, svo sem Jón Kjartansson, Höfrungur 3, Jón Garðar og Gísli Árni. Allt þekkt skipsnöfn í íslenska síldarflotanum á þessum árum.

Um borð í Fífill GK 54 er pláss fyrir 17 manna áhöfn. Allar íbúðir eru aftur í skipinu og rúmgóð herbergi fyrir einn og tvo menn og útbúin með þægilegum og viðfelldum litum. Að vera með allar mannaíbúðir aftur í er gríðarlegur aðstöðumunur og talsvert öryggisatriði einnig. Að þurfa ekki lengur að fara framan úr bakka og aftur í hvernig sem viðrar úti er gott mál. Að ekki sé talað um í niðamykrri og á siglingu í vondu sjólagi og engin ljós uppi og skipið máski með fullfermi af síld og eða loðnu lítið borð orðið fyrir báru.

Með allar íbúðirnar aftur í er töluverð framför í íslenskum skipum og til mikils þægindaauka áhöfninni, sem vart þarf að tíunda neitt frekar. Fæst skip á þeim tíma sem Fífill GK kemur til landsins voru með svona fyrirkomulagi og hið algenga í flotanum íslenska að hásetar byggju í lúkarnum og yfirmenn aftur í.

Skip sem höfundur mann eftir í svipinn frá þessum tíma með mannaíbúðirnar aftur í voru Fífill GK, Eldborg GK 13 og Héðinn ÞH. Öðrum mann hann ekki eftir, þó svo geti vel hafa verið. En stór partur íslenska bátaflotans var með hinn háttinn á hjá sér.

Aðalvél Fífills GK er af Wichmann 6AEAT, en tvær hjálparvélar eru af Mannheim-gerð. Tvær hliðarskrúfur eru í skipinu, 74 hestöfl hvor. Dráttarspilið er af gerðinni Kaarbös Mefc. Venksted A.S. spil, týpa SNUS 17-540-100 og er aðalspilið haft langskips bakborðmegin, sem er svona óvenjuleg staðsetning spils um borð í skipi sem venjulega standa þvert framundir bakkanum. Þó má vera að dekkplássið nýtist betur með þessu fyrirkomulagi. Allt svona er samt smekksatriði. Í skipinu er Triplex kraftblökk frá P. Björshol Mek og sjálfstýringin af ARCHAS gerð og radarinn af Kelvin- Huges gerð. Skipið er að öllu leiti útbúið nýttísku- og best þekktu fiskveiði- og fiskleitartækjum sem völ er á.



(Mynd til vinstri og texti: Sjómannadagsblaðið 1 júní 1976 Björn Þorfinnsson skipstjóri og kona hans Fjóra Helgadóttir)

"(Texti: Morgunblaðið 13 október 1993)- Björn var heiðraður á 100 ára afmæli Öldunnar 13 október 1993. Hann er fæddur á Rauфарhöfn 26. ágúst 1926. Björn byrjaði 13 ára til sjós en hann lauk námi við Stýrimannaskólann 1951 og starfaði síðan sem stýrimaður og skipstjóri til ársins 1980. Björn hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um félagsmál sjómanna. Hann átti sæti í stjórn félagsins og var formaður þess 1977-1983. "

Skipstjóri á Fífill GK 54 nýjum er Björn Þorfinnsson, en hann var áður með Faxa GK 44 og fluttist öll áhöfn

Faxa yfir á nýja skipið og fylgdi sínum gamla skipstjóra, eins og stundum gerist þegar nýtt skip í eigu sömu útgerðar kemur. Að ekki sé talað um sé skipið stærra en hitt. Auk bátanna þriggja sem hér ofar eru nefndir var nýsköpunartogarinn Surprise GK 4 í eigu Einars Þorgilssonar & co. Sem kunnugt er fórst togarinn Surprise við Landeyjarsand 1968 og náðist ekki aftur á flott þó nokkrar tilraunir hafi verið gerðar. En þær mistókust allar.

Fífill GK 54 fór til síldveiða fljótlega eftir komu sína til Hafnarfjarðar. Voru enda síldveiðar enn í blóma er hann sigldi fánunum skreyttur inn til heimahafnar þó líklegt sé að um talsverðan sjóveg sé að fara eftir henni er hér er komið sögu og ýmislegt orðið breytt að því leiti til og

máski skip á miðunum til að flytja afla bátanna af miðunum til bræðsla í landi sem unnu úr honum gæða síldarmjöl til útflutnings og gjaldeyrissköpunar.

Síldarskipið Fífill GK 54 var í febrúar 1990 selt Faxamjöli í Reykjavík og var útgerð Einars Þorgilssonar & co þá elsta starfandi útgerð í landinu. Hvort Fífill hét eftir að hann fór til Faxamjöls Faxi RE 241 er höfundur ekki viss um en á einhverjum tímapunkti alltént hét skipið þessu nafni. Fífill var bæði yfirbyggður og lengdur árið 1974 og aðalvél skipsins endurnýjuð 1979. Helstu verkefni Fífills útgerðartíma sinn voru nótaveiðar en var inn á milli leigður til annarskonar veiða, eins og rækju og botnfisks. Hafði Fífill lítilshættar rækju- og þorskkvóta.

Í dag tilheyrir Fífill hvalskoðunarsafninu í Reykjavík og liggur þar við bryggju og hefur gert nokkur undafarinn ár. Til að byrja með var hann notaður til siglinga út á Faxaflóa með fólk sem vildi skoða hvalina sem þar má oft rekast á. Þetta fallega skip og mikla aflaskip til margra ára er því en til í landinu bláa.

Gert til skemmtunar og vonandi líka fróðleiks.
9 júní 2015.
Kveðja: KRF.